



Húnaþing vestra leitar að öflugum og drífandi einstaklingi í tímabundið hlutastarf tengiráðgjafa á fjölskyldusviði sveitarfélagsins. Við leitum að aðila með brennandi áhuga á að starfa með viðkvæmum hópum og ýta undir velferð þeirra og vellíðan. Um er að ræða 20-30% starf frá 1. janúar 2025 – 31. desember 2025. Samkomulag er um hvernig vikulegri viðveru verður háttáð.

Tengiráðgjafi vinnur að verkefnum sem stuðla að virkni og vellíðan fólks til að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun. Um er að ræða tækifæri fyrir öflugan einstakling til að móta nýja þjónustu auk þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagsþróun.

Helstu verkefni

- Ná til og virkja einstaklinga í viðkvæmri stöðu eða búa við einmanaleika í Húnaþingi vestra.
- Samstarf og teymisvinna með öðrum aðilum.
- Tekur þátt í mótun og starfi samfélagsmiðstöðvar.
- Tekur þátt í mótun og starfi samþættrar heimaþjónustu.
- Móta leiðir og lausnir til að virkja fólk í viðkvæmri stöðu eða býr við félagslega einangrun.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tómstundafræða, félagsfræða, sálfræða, íþrótt og/eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla og áhugi á beinum samskiptum við fólk á öllum aldri.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Stundvísi og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð og óflekkað mannorð.
- Reynsla og þekking af stjórnarsýslu sveitarfélaga er kostur en ekki skilyrði.

Umsókn ásamt hugmyndum umsækjanda um leiðir til að ná til fólks berist til sviðsstjóra fjölskyldusviðs á netfangið siggi@hunathing.is í síðasta lagi 5. desember 2024. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs veitir einng nánari upplýsingar um starfið. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.